


Hringrás hf
Klettagörðum 9
104 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 20. mars 2013
Tilvísun: UST20130300032/gsá

Staðfesting á úrbótum móttækin - máli lokið


Umhverfisstofnun vísar í bréf með eftirlitsskýrslu, dagsett 11. febrúar 2013, þar sem fjallað er um eitt frávik frá starfsleyfi er varðar að ílát undir spilliefni væru ekki merkt með viðeigandi hætti, sem kom fram við reglubundið eftirlit með Hringrás, Reykjavík þann 4. desember sl.

Þann 19. mars sl. barst Umhverfisstofnun tölvupóstur frá rekstraraðila þar sem fram kemur að bætt hefur verið úr merkingu spilliefnafláta og myndir fylgdu með því til staðfestingar. Einnig fylgdi með verklagslýsing vegna spilliefna.

Umhverfisstofnun lítur á þetta sem fullnægjandi úrbætur og mun ekki aðhafast frekar vegna þessa fráviks.

Hér með staðfestist að Hringrás, Reykjavík hefur bætt úr því frávikum sem kom fram við reglubundið eftirlit ársins 2012.

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðsstjóri


Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur